

Reykjavík, 10.11.2015

### **Efni: Uppfærð gögn um virkjunarkosti á Hengilssvæði fyrir afgreiðslu 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar**

Með vísan í fund þann 21. ágúst 2015 með formanni verkefnisstjórnar 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar, hér eftir nefnd rammaáætlun, um virkjunarkostinn Hverahlíð og jarðhita undir Norðurhálsunum, bauðst Orkuveitu Reykjavíkur (OR) og Orku náttúrunnar (ON) að skila inn uppfærðum gögnum um virkjunarkostinn.

Vinna við uppfærslu gagna um Hverahlíð, þar sem tekinn er fyrir jarðhiti undir Norðurhálsunum, hefur leitt til þess að OR og ON telja nauðsynlegt að skerpa á skilgreiningum hugtaka í umfjöllun rammaáætlunar um orkukosti. Orðanotkun og skilgreining hugtaka hefur verið mismunandi hjá þeim aðilum sem koma að ferlinu og skapað óvissu um niðurstöður fyrri áfanga rammaáætlunar. Í því sambandi má nefna hugtök eins og framkvæmdasvæði, iðnaðarsvæði, vinnslusvæði og nýtingarsvæði, sem OR og ON telja brýnt að verði skilgreind og notuð með samræmdum hætti.

Í því ljósi hafa OR og ON einnig uppfært afmörkun svæða fyrir orkukostinn R3269B Meitill sem fyrirtækin hafa nú þegar lagt fyrir 3. áfanga rammaáætlunar. Við afmörkun svæða í uppfærðri greinargerð hefur verið stuðst við fyrirbyggjandi skilgreiningar á nýtingarsvæði og iðnaðarsvæði og orðanotkun takmörkuð við þau hugtök. eru skilgreiningarnar eftirfarandi:

#### **Nýtingarsvæði**

*Staðarmörk svæðis sem innifelur það svæði sem vinna má úr og nýta viðkomandi auðlind (jarðhita) í því magni og með þeim skilmálum sem tilgreind eru í nýtingarleyfi. Staðarmörk nýtingarleyfis eru innan nýtingarsvæðis. Iðnaðarsvæði og framkvæmdasvæði eru oftast innan nýtingarsvæðis.<sup>1</sup>*

#### **Iðnaðarsvæði**

*Svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, þ.m.t. vatnsfallsvirkjanir, jarðhitavirkjanir, sjávarfallavirkjanir og vindmyllur, tengivirki, veitustöðvar,*

<sup>1</sup> Skv. skilgreiningu á heimasíðu Orkustofnunar.

<http://www.orkustofnun.is/raforka/rammaaetlun/spurningar-og-svor/> (sótt 8. október 2015)

*skólpdælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni.<sup>2</sup>*

Til þessa hafa OR og ON reynt að afmarka iðnaðarsvæði þannig að ekki sé verið að leggja óþarflega stór svæði undir slíka landnotkun. Tilgangurinn er sá að takmarka mögulegt rask á yfirborði sem mest vegna framkvæmda. Þannig sé ekki verið að afmarka óþarflega stór svæði sem iðnaðarsvæði, þ.e. svæði sem t.d. nýtast til útivistar. Afmarkanir nýtingarsvæða ná hins vegar til stærri svæða vegna skáborana undir yfirborði út frá iðnaðarsvæðum á yfirborði.

OR og ON óska hér með eftir því að Orkustofnun taki við meðfylgjandi uppfærðum gögnum um eftirfarandi orkukosti og leggi fyrir verkefnisstjórn 3. áfanga rammaáætlunar:

R3269B Meitill

R3271B Hverahlíð II

Jafnframt er óskað eftir því að fyrri greinargerð um orkukostinn R3269A Meitil verði tekin út úr umfjöllun verkefnisstjórnar 3. áfanga rammaáætlunar.

Virðingarfyllst,

*Marta Rós Karlsdóttir*

Marta Rós Karlsdóttir

---

<sup>2</sup> Skv. skilgreiningu í Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.